

Mál nr. 280/2019

V hf. v/ ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna tjóns á fasteign og lausafjármunum.**Gögn.**

Málskot, móttakið 2. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 18. september 2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 19. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 15. október 2018 komið að fasteign sinni þannig að kjallari hennar hafi verið allur í vatni og er aðstæðum þannig lýst að tjónið sé rakið til þess að pumpa, sem átti að pumpa vatni upp úr kjallaranum, hafði farið í sundur og vatnið því ekki náð að dælast úr kjallaranum. M lýsir því einnig að hann hafi fengið X til að vinna fyrir sig verk á tímabilinu frá hausti 2017 fram í febrúar 2018 og hafi verkið falist í því að sjá til þess að dælubúnaður væri í lagi.

Í gögnum málsins liggur einnig fyrir lýsing frá X um að hann hafi unnið fyrir M á tímabilinu september 2017 til febrúar 2018 og hafi verk hans falist í því að skipta út varavatnsdælu í brunni í eldhúsgólfi kjalla í húsi M og hafi hann gert það sem og komið fyrir einstreymisloka við dæluna. Í febrúar 2018 hafi síðan komið í ljós að dælan var gölluð og hafi X því kmið fyrir nýrri aukadælu og tengingum við hana og hafi verið gengið frá henni við aðstæður sem voru fyrir hendi, þ.e. rör hafi ekki þá verið samlímd né sérstakar þrýstilagnir settar. X kveðst hafa bent M á að æskilegt væri að setja upp skynjara við öryggiskerfi.

M telur að X hafi sýnt saknæma háttsemi við frágang á því verki sem hann tók að sér fyrir M við dæluskipti. M vísar til álits löggilts pípulagningarmeistara dags. 6. febrúar 2019 um að ekki hafi verið gengið rétt frá lögnum og úttekta húsasmíðameistara dags. 12. nóvember 2018 um frágang. Einnig vísar M til gagna frá Orkuveitunni um að ekki hafi verið rekstrartruflanir á svæðinu á þeim tíma sem tjón varð sem og skýrslu frá þeim sem að tjóninu kom um hvar lagnir hafi verið í sundur.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi X. V vísar til frásagnar X af því að allar tengingar hafi verið í lagi þegar hann tengdi varadælu fyrir M og bendir á að þegar tjónið varð hafi rafmagn slegið út í húsnaði M og leiði það almennt til þess að brunndælur hætti að dæla vatni, en það sé ekki sannað að rafmagn hafi slegið út vegna raka í húsnaðinu. Auk þess telur V ekki unnt að byggja á áliti pípulagningarmeistara sem M hafi lagt fram í málinu og gerir athugasemdir við ályktanir sem dregnar eru í því áliti varðandi það hvort frágangur með þrýstilögnum hafi verið nauðsynlegur. Einnig bendir V á að M hafi ekki farið eftir tillögum X um að setja upp viðvörunarbúnað og megi rekja tjónið til þess.

Álit.

Ljóst er af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að þær lagnir sem lágu frá dælum í húsnaði M voru ekki þrýstilagnir sem voru festar niður og ekki var skynjari í safnbrunni sem gaf til kynna óeðlilega vatnssöfnun og að sérfræðingur telji það vera líklega orsök tjónsins. Það eitt dugar þó ekki til að sýna fram á skaðabótaábyrgð X því M ber sönnunarbyrði fyrir því að það verk sem hann fékk X til að vinna hafi falist í því að ganga frá lögnum með þeim hætti. Ágreiningur er milli aðila um í hverju það verk fólst og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um efni þess verksamnings sem hann gerði við X vegna uppsetningu á varadælu. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið með vissu að tjón M sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.